

**Miðvikudaginn 24. nóvember 2010 kl. 20.00 kom fræðslunefnd Húnavatnshrepps saman til fundar á bókasafni Húnavallaskóla.**

Dagskrá:

1. Fundarsetning
2. Málefni leikskóla
3. Málefni grunnskóla
4. Kostning formanns
5. Önnur mál
6. Fundarslit.

1. Fundur settur af Jóni Gíslasyni starfandi formanni.

2. Málefni leikskóla og samþykkir fræðslunefnd að kanna afstöðu foreldra á opnun leikskóla á milli hátíða..

3. málefni grunnskóla

Þorkell leggur fram viðhaldslista grunnskóla og ræðir hann.

Fræðslunefnd ræðir viðhaldslista og samþykkir listann til sveitastjórnar.

Þorkell leggur ekki fram neinar tillögur um niðurskurð í kennslu og starfsmannahaldi skólans.

Birgitta leggur fram til kynningar bréf til sveitarstjórnar um fund skólaráðs sem var haldinn 23. nóv. 2010.

“Fundur skólaráðs haldinn 23. nóvember 2010 skorar á sveitastjórn Húnavatnshrepps að skerða ekki frekar en orðið er framlög til skólans. Enn stendur yfir aðlögun og mótunarstarf vegna skipulagsbreytinga er urðu vegna niðurskurðar sem ákveðinn var fyrir þetta skólaár. Mikilvægt er að vinnufriður haldist um þetta ferli.”

4. Kostning formanns og fer athvæðagreiðsla þannig að Birgir Ingþórsson hlaut 3 atkvæði en Jón Gíslason 2 og er Birgir réttkjörinn formaður fræðslunefndar.

5. Önnur mál og les Jón Gíslason bréf frá Rannsóknarsetri forvarna við Háskólann á Akureyri til kynningar og afhendir formanni skýrsluna.

Þorkell sagði frá niðurstöðum úr samræmdum könnunar prófum 4, 7 og 10 bekkja.

Fundargerð lesin upp og samþykkt.

Fleira ekki gert og fundi slitið af Jóni Gíslasyni.

This document was created with Win2PDF available at <http://www.win2pdf.com>.  
The unregistered version of Win2PDF is for evaluation or non-commercial use only.  
This page will not be added after purchasing Win2PDF.